

Símafundur samtakanna Landsbyggðin lifi haldinn 14. desember 2023 kl. 20:30 á Facebook.

Mættir: Sigríður Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Hildur Þórðardóttir, Helga Guðný Kristjánsdóttir, Ómar Ragnarsson og Björgvin Hjörleifsson. Vigfús hlustaði í gegnum Stefaníu. Hildur Þórðardóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá tekin fyrir.

1. Hýsing á vefsíðunni okkar – Sigríður úrskýrði að gamli hýsingaraðilinn er hættur og Margrét (sú sem hefur séð um heimasíðuna okkar) ætlar að finna nýja hýsingu og mun passa að síðan detti ekki niður. Að kostnaður yrði ca. 4-500 á mánuði. Talist getur gott að hafa sloppið við að borga í marga mánuði og ekki annað að gera en ganga að þessum kröfum. Stefanía stakk upp á að Bjarni myndi kannski vita um hýsingaraðila ef þetta gengur ekki upp hjá Margréti.
2. ERCA – ERCA sendi bréf í morgun þar sem þeir vilja kanna hvað ERCA geti gert meira fyrir félagi sína. Spurning hvað við sjáum að ERCA geti gert fyrir okkur, sem og önnur félög. ERCA er með Rural Pact pakkann sem Hildur og Stefanía sóttu fund um fyrir nokkrum vikum. Guðrún hefur verið tengiliður en komst ekki á fundinn. Hún myndi vera meira inni í þessu. Lagt er til að Guðrún kynni sér málið og verði í bandi við stjórnina.
3. Verkefni í Finnlandi – í gegnum ERCA – hvar kreppir skóinn og hverju þarf að breyta svo fólk vilji flytja í strjálbýli? Stefanía lagði til að Hildur sendi erlenda tengiliðnum línu og spyrði frekar um hvort þeir væru með áhuga á að vinna með okkur, eða bara Svíþjóð, Danmörku og Eystrasaltslöndum.
4. Norræna ungmennanefndin - Björgvin var búinn að kynna sér plaggið og sagði að þetta snerist um að hafa allt eins og á höfuðborgarsvæðinu. Sjúkrahús, góðar samgöngur, tónleika og allt. Björgvin sér tækifæri fyrir ungt fólk á landsbyggðinni – til dæmis ódýrara að ala upp börn úti á landi og minni fjarvera. Tómsundastarf ódýrara. Nauðsynlegt fyrir smærri byggðir að hafa einhvers konar útibú fyrir framhaldsskóla. Nánast allir sem fara burt í framhaldsskóla koma ekki aftur. Að allir nemendur geti verið fyrstu tvö árin í heimabæ. Er að breytast núna sem betur fer. Helga sagði að fullt af listafólki væru sest að á Flateyri. Hildur benti á að það væri nauðsynlegt að hafa ákveðna heilbrigðisþjónustu, eins og til dæmis fæðingaraðstöðu. Umræða um þetta víða í Evrópu. Björgvin hefði áhuga á að fá skýrsluna í fullri lengd. Kannski möguleiki að hitta formann nefndarinnar á Íslandi. Hún býr uppi á Skaga. Eiga samtal um skýrsluna og vinnuna. Ákveðið að hafa samband við hana eftir jól, Sigríður, Hildur og Stefanía.
5. Hugmynd um að fara út að borða saman. Ákveðið að borða saman næstkomandi mánudagskvöld, Vigfús verður í bænum og Helga líka. Staður verður ákveðinn í þæðinum okkar.
6. Björgvin minnti á jólakveðjuna. Sigríður ætlar að bjarga því á heimasíðunni okkar og Facebook, Stefanía hvatti til að hver og einn deili áfram.

Fundi slitið kl. 9.31